

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestssetur í Þingeyraklausturs brauði.** — Í erindi, dags. 20. febrúar p. á., hefur presturinn í Þingeyraklaustri, 10. júní. sjera Þorvaldur Ásgeirsson, beiðst leyfis míns til að mega sitja fyrst um sinn á eignarjörð sinni Hnausum, þó að svo sje ætlast til í lögum 4. nóv. 1881, um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, að presturinn í Þingeyraklaustri sitji í Steinnesi, og jafnframt hefur hann, útaf ágreiningi, sem þar um hefur orðið milli hans og stiptsyfirvaldanna annarsvegar og umboðsmanns Þingeyraklaustursumboðs og amtmannsins í norður- og austuramtinu hinsvegar, óskað þess, að hann, ef hið umbeðna leyfi fengist, mætti halda umsjón og byggingarráðum yfir Steinnesi, og þannig eiga þangað apturkvæmt þegar hann vildi.

Útaf þessu skal hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofan nefndum presti, að jeg ekki hef neitt á móti því, að hann sitji fyrst um sinn á Hnausum í staðinn fyrir á hinu fyrirskipaða prestsetri, Steinnesi, og að jeg álít rjett, að hann haldi umsjón og byggingarráðum yfir nýnefndri jörðu, sem er útlögð til prestseturs í Þingeyraklaustri með ofan nefndum lögum frá 4. nóv. 1881, meðan hann er prestur í þessu brauði, en það er vitaskuld, að hann hefur alla þá sömu ábyrgð gagnvart umboðssjóðnum, bæði hvað snertir afgang af jörðinni og viðhald hennar, eins og hann væri sjálfur ábúandi á henni.

**Brjef landshöfðingja til landfógetans um lán til byggingar skólahúss á Vestmannaeyjum.** — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Vestmannaeyjasýslu 1500 kr. lán 11. júní. úr viðlagasjóði til byggingar skólahúss þar á eyjunum, og skyldi lánið endurborgast og ávaxtast á 28 árum með 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

**2 brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til húsgerðar handa 2 embættismönnum.** — Með þessum brjefum samþykkti ráðgjafinn, að kennara 13. júní. við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, Halldóri Briem, og sýslumanni í Suðurmúlasýslu, J. Johnsen væri veitt, hvorum fyrir sig, allt að 4000 kr. lán úr viðlagasjóði, hinum fyrnefnda til byggingar íveruhúss á Möðruvöllum og hinum síðarnefnda til að fullgjöra og stækka hús það, er hann á á Eskifirði, og eiga bæði lánin að veitast með sömu skilyrðum og sett eru í brjefi ráðgjafans 13. apríl f. á. fyrir lánveitingu til húsbyggingar handa Sigurði sýslumanni Jónssyni í Stykkishólmi (Stjórnartíð. 1883 B. bls. 61).

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um það, hvenær landsbókasafninu skuli haldið opnu.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. apríl p. á., hafa hin heiðruðu 14. júní. stiptsyfirvöld skýrt mjer frá því, að stjórnarnefnd landsbókasafnsins, sem þau hafi borið sig saman við útaf brjefi mínu 31. jan. p. á., hafi lagt fyrir Jón bókavörð Árnason að halda landsbókasafninu opnu hvern virkan dag frá kl. 12—2 fyrir þá, sem vilja nota bækur safnsins á lestrarsalnum, og þar að auki þrisvar í viku frá kl. 2—3 bæði fyrir þá, sem vilja nota lestrarsalinn og þá, sem vilja fá bækur til láns úr bókasafninu, en að stjórnarnefndin ekki hafi þótzt geta heimtað af nefndum bókaverði, að hann samkvæmt tilboði hans á sínum tíma hjeldi landsbókasafninu opnu 3 tíma hvern virkan dag, með því að launahækkun sú, sem tilboð þetta var miðað við, eigi var veitt honum að fullu,

14. d. júlímán. 1884.

**79** og hafið þjer með nefndu brjefi yðar beiðst samþykkis míns til þessarar ráðstöfunar  
14. júní. stjórnarnefndarinnar.

Útaf þessu gefst hinum heiðruðu stiptyfirvöldum hjermeð til vitundar, að við þá ráðstöfun má standa, sem stjórnarnefnd landsbókasafnsins hefur gjört í ofangreindu efni.

**80**  
16. júní. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um ógildingu á fjárveiting sýslunefndar** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt frá álitu amtsráðsins í suðuramtinu viðvíkjandi umkvörtun, er hjeraðslæknir Páll Blöndal hafði sent hingað útaf því, að amtsráðið með úrskurði um sýslusjóðsreikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1880 hefir synjað honum um 25 kr. þóknun, er honum hafði verið greidd úr sýslusjóði fyrir ferð til almenns fundar á Þingvöllum árið 1876, er tveir alþingismenn höfðu kvatt til, til þess meðal annars að ræða um algjörða útrýmingu fjárkládans, með því amtsráðið áleit, að lagaheimild hafi vantað til að leggja þetta gjald á sýslusjóðinn.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg ekki finn ástæðu til að fella hinn hjer um rædda amtsráðsúrskurð úr gildi, og það því síður, sem kostnaður þessi ekki kemur fram í sýslusjóðsreikningnum fyrri en 4 árum eptir að hann telst að vera áfallinn, og málefni það, er hann reis af, auk þess að það eptir lögum eigi heyrði undir þann verkahring, er sýslunefndunum er afmarkaður með sveitarstjórnarlögnum, enganveginn getur álitizt að hafa verið sjerstaklegt sýslumálefni fyrir Borgarfjarðarsýslu.

**81**  
18. júní. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um borgun fyrir bólusetningu.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. septemberm. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrskurðar kæru hjeraðslæknisins í 6. læknishjeraði yfir því, að þjer hafið sett niður reikning bólusetjara Einars Magnússonar fyrir bólusetningu í Sanda prestakalli og Dýrafjarðarþingum árin 1882 og 1883, þannig að þjer hafið synjað honum um alla borgun fyrir þá af hinum bólusettu, er bólan kom ekki út á, hvort sem þeir voru bólusettir í fyrsta sinn eða endurbólusettir, en fyrir þá, sem bólan kom út á, hafið þjer veitt 25 aura borgun, að því leyti þeir voru bólusettir í fyrsta sinn, en 12½ eyri, að því leyti þeir voru endurbólusettir, en nefndur bólusetjari hafði reiknað sjer hina umgetnu borgun í báðum tilfellum án tillits til þess, hvort bólan hafði komið út eða ekki.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega tilkynna yður það, er nú segir.

Eins og tekið er fram í brjefi yðar, er einungis lagaheimild til að greiða borgun fyrir bólusetningu, þegar bólan kemur út. Þessa lagaheimild er að finna í konungsbrjefi 24. marz 1830 5. gr., þarsem rjettur bólusetjaranna til að fá borgun fyrir bólusetninguna beinlínis er bundinn því skilyrði, að bólan komi út. En með því að konungsbrjef þetta ekki álizt að snerta endurbólusetningu, og aðrar ákvarðanir ekki heldur eru til um borgun fyrir hana, þá verða ekki reglur um slíka borgun byggðar á öðru en venjunni; og með því það á stundum hefur þótt nauðsynlegt að koma fram almennri endurbólusetningu, og þessu hefur ekki getað orðið framgengt, nema bólusetjurunum væri